

## Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

---

Fundur var haldinn í stjórn SKA, föstudaginn 21. nóvember 2014 kl. 14:45 í fundarsal Íþróttamiðstöðvar Seyðisfjarðar á Seyðisfirði.

Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður stjórnar, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Margrét Guðjónsdóttir, Jón Þórðarson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Ólafur Áki Ragnarsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Gunnþórunn setti fundinn og stjórnaði.

### Dagskrá fundarins.

1. Kjör formanns stjórnar
  2. Kjör tveggja stjórnarmanna í framkvæmdastjórn
  3. Önnur mál
- 
1. Gunnþórunn tilkynnti að hún gæfi ekki áfram kost á sér sem formaður stjórnar. Fundarmenn samþykktu samhljóða að Jón Þórðarson yrði næsti formaður stjórnar SKA.
  2. Samþykkt samhljóða að stjórnarmenn í framkvæmdastjórn með formanni yrðu þeir Björn Ingimarsson og Páll Björgvin Guðmundsson.
  3. Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50  
Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson